

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur kr. 534,00 hverju sinni.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjálts aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 20. febrúar 1987 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 265, 7. maí 1986.

Iðnaðarráðuneytinu, 6. febrúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um Lyfjatæknaskóla Íslands nr. 196/1983.

1. gr.

4. gr. orðist svo:

„Stjórn skólans ræður skólastjóra og skal hann vera lyfjafræðingur.

Skólastjóri stjórnar daglegri starfsemi skólans og ræður kennara og annað starfsfólk að skólanum í samráði við skólastjórn. Skólastjóri skal sitja fundi skólastjórnar og hefur þar tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga um lyfjadreifingu nr. 76, 21. maí 1982 og laga um tæknimenntaðar heilbrigðisstéttir nr. 64, 16. apríl 1971, öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 3. febrúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.